

Fimmtudaginn 1. júní 1995.

Nr. 179/1995.

Rafmagnsveitur ríkisins

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Karli Ólafssyni

(Árni Halldórsson hrl.)

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. maí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 29. sama mánaðar. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga um aðför nr. 90/1989, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Austurlands, upp kveðinn 21. apríl 1995, þar sem ógilt er fjárnám, sem sýslumaðurinn í Neskaupstað gerði hjá varnaraðila að kröfu sóknaraðila 27. október 1994. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og hin kærða fjárnámssgerð staðfest. Þá krefst hann málskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar, málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp af Bernhard Bogasyni, fulltrúa við Héraðsdóm Austurlands. Í dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 18. maí 1995, í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómvaldsins, . . .“. Verður að telja þetta eiga jafnt við um einkamál sem opinber mál. Með vísan til þess verður ekki hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og alla meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Austurlands og vísa málinu heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og öll meðferð málsins í héraði. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.
